

## Til allra aðildarhafna að Hafnasambandi Íslands,

Hafnasambands Íslands mun standa fyrir áhugaverðu námskeið 4. maí nk. frá kl. 10:00-15:00 undir heitinu Verið tilbúin! Hér að neðan má sjá frekari námskeiðslýsingu.

Hafnirnar eru hvattar til að senda fulltrúa á námskeiðið en þeir einstaklingar sem hafa áhuga þurfa að skrá sig hér: <http://hafnasamband.is/fundir-og-radstefnur/verid-vidbuin/samskipti-vid-fjolmidla-namskeid/>

*Skráningarfrestur er til 23. apríl og er námskeiðsgjaldið 12.000 kr.*

### Fyrsti hluti – 10.00-12.00

Á námskeiðinu „Verið tilbúin“ er fjallað um fjölmiðla, eðli þeirra og tilgang, samskipti við þá og mikilvægi þess að vinna með þeim en ekki á móti. Umhverfi fjölmiðlunar verður skoðað sérstaklega með tilliti til þeirrar breytinga sem átt hafa sér stað með innreið netfréttamiðla og tenginga þeirra við samfélagsmiðla. Þá er farið yfir þær áskoranir sem fylgja stóraukinni notkun samfélagsmiðla og nauðsyn þess að fyrirtæki marki sér skýra stefnu varðandi þá.

### Annar hluti 13.00-15.00

Í öðrum hluta verður farið yfir mikilvægi þess að bregðast rétt við áföllum strax í upphafi. Sérstök áhersla verður lögð á framkomu í fjölmiðlum og nauðsyn undirbúnings auk annara þátta. Farið verður yfir nýleg mál sem komið hafa upp í höfnum landsins og ratað hafa í fjölmiðla og umfjöllun um þau mál skoðuð og greind. Að auki munu tveir hafnarstjórar fjalla um reynslu sína af samskiptum við fjölmiðla í málum sem komið hafa upp nýverið.

1. Gísli Gíslason Hafnarstjóri Faxaflóahafna mun fjalla um áhuga og umfjöllun fjölmiðla þegar Perlan sökk í Reykjavíkurböfn.
2. Lúðvík Geirsson hafnarstjóri Hafnarfjarðarhafna mun fjalla um Polar Nanuq og dagana þegar skipið lá við landfestar við Hafnarfjarðarhöfn og umsátur myndaðist um Hafnarfjarðarhöfn.

Að endingu munu umræður eiga sér stað.

Fyrirlesarar eru ráðgjafar Athygli: Árni Þórður Jónsson, Kolbeinn Marteinnsson og Bryndís Nielsen.

Á meðal atriða námskeiðs:

1. Hverju sýna fjölmiðlar áhuga?
2. Mikilvægi fyrstu viðbragða
3. Einn talsmaður - lykilskilaboð
4. Hvernig á að koma fram í fjölmiðlum
5. Að „halda haus“ við áföll
6. Samfélagsmiðlastefna

Kær kveðja

Valur Rafn Halldórsson



### Valur Rafn Halldórsson

Framkvæmdastjóri Hafnasamband Íslands

Beint innval: 515 4915

Netfang: [valur.rafn.halldorsson@samband.is](mailto:valur.rafn.halldorsson@samband.is)

### Hafnasamband Íslands

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

[www.hafnasamband.is](http://www.hafnasamband.is)

---